

Dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir – Bickel
Vítastíg 20
101 Reykjavík
S: 8475556, og 556156
Vilborg.bickel@t-online.de

Málsnr.: <i>MSS 12030009</i> Skjalasafn Ráðhúss
01. mars 2022
Bréfalykill: <i>05-18.04.</i>

Reykjavík 15.02. 2022

Til Borgarráðs Reykjavíkur
Ráðhúsinu í Tjörninni
Reykjavík

Ágæta samkoma,

Í ágúst síðastliðnum snéri ég mér til Landlæknisembættisins þess að vekja athygli á slæmu aðgengi kvenna og skólastúlkna að innlaug Sundhallarinnar. Vegna risjótts veðurfars undanfarnar vikur keyrir nú um þverbak og þarf mikið þrek og harðfylgi fyrir eldri konur og skólastúlkur að stunda sund og sundleikfimi í Sundhöll Reykjavíkur í slíku veðurfari. Þetta er lýðheilsumál, sem lýtur að einhverju leyti að jafnrétti, þar sem karlar þurfa ekki að þola þetta harðræði. Sundhallarstjóri telur þig ekki hafa völd til að taka af skarið og afhenda konum aftur sína gömlu klefa. Kvenkyns Sundhallargestum mislíkar mjög núverandi tilhögun – einkum að vetrarlagi. Því sendi ég Borgarráði afrit af bréfi mínu til Heilbrigðiseftirlitsins, sem ég tel að ætti að kynna sér þetta mál og leysa það. Mér hafa engin svör borist frá Borgarráði né Íþróttá- og tólmstundaráði borgarinnar, sem hefur líklega óskoraða lögsögu í þessu máli, en hefur ekki minnsta áhuga á lýðheilsu kvenna og skólasundstelpna - né jafnrétti kynjanna.

Virðingarfyllst

Vilborg Auður Ísleifsdóttir

Dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir- Bickel
Vitastí 20
101 Reykjavík
Sími: 516156
Tölvufang: vilborg.bickel@t-online.de

Reykjavík 10. febrúar 2022

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Re: Kvinnaklefar Sundhallar Reykjavíkur

Ágæti forstjóri Heilbrigðiseftirlits,

Síðan Sundhöll Reykjavíkur var stækkuð og útilaugum var bætt við, hefur að vetrarlagi ríkt neyðarástand meðal kvenna og telpna í skólasundi, þar sem þær hafa eftir viðgerðir ekki fengið aftur sína gömlu búnings- og sturtuklefa, þaðan sem þær komust innanhúss upp stiga upp í sundlaugarrýmið, en þaðan er stuttur spölur í skjólgóða, heita potta. Þeim hefur verið gert hlaupa fáklæddum utandyra, hvernig sem viðrar 25 metra til þess að komast inn í nóturlegt stigahús og hlaupa þaðan upp tröppur eða taka lyftu til þess að komast í gömlu innilaugina – og síðan í blautum sundbolum til baka. Eldri borgurum er boðin ókeypis aðgangur að sundi í því skyni að efla heislu þeirra svo þeir getir búið lengur heima hjá sér. Áður nefnt fyrirkomulag er heilsuspillandi og nefni ég sem dæmi að að morgni 10. febrúar fór ég (árg. 1945) í sund. U. þ. b. 3 – 5 stiga frost var og hæg snjócoma. Ég var klædd í hettuslopp, þurran sundbol og í baðskóm og komst ég ósködduð í stigahúsið og tók lyftuna upp.

Öðru máli gegndi þegar ég ætlaði til baka. Þá blés á móti mér napur vindur af austri og fylgdi honum slíkur kuldi að ég hrökklaðist til baka. Þetta var líkast refsingu fyrir að voga mér í sund. Ég fann leið í gegnum gömlu kvinnaklefa, sem standa þarna því sem næst tilbúnir- nema lása vantar á skápa- en ónotaðir og bíða þess að ákvörðun verði tekin um notkun þeirra, þrátt fyrir að konum hafi verið lofað að þær fengju aftur sína gömlu klefa að viðgerð lokinni. Gildi loforða hefur rýrnað mjög á síðustu árum.

Í ágætu samtali við Drífu Sundhallarstjóra í fyrri viku fékk ég engu að síður loðin svör við því, hvort konur og skólasundsstúlkur fengju aftur klefa sína og aðstöðu. Aðspurð um ákvarðanatekt í þessu lýðheilsamáli vísaði hún á yfirmenn sína, Ómar Einarsson (ÍTR) og einhvern rekstrarstjóra sundlauga, sem ég kann ekki að nefna. Þessir menn eru ekki innanhússmenn í Sundhöll Reykjavíkur og mér er hulin ráðgáta, hvers vegna valdsvið þeirra er svona víðtækt og tekur til lýðheilsu kvenna og skólastúlkna. Sundhallarstjóri er ásamt starfsmönnum sínum fullfær um að taka þá ákvörðun að skila konum aftur baðklefum sínum í samráði við starfsfólk sitt og sína Sundhallargesti.

Svo er annað: Í hjálagðri umsögn Mannréttinda- og Lýðræðisskrifstofu um tillögu flokks fólksins um endurgerð kvinnaklefa í Sundhöll Reykjavíkur er mikið gert úr því að verið sé að koma til móts við hreyfihamlaðra, sem frá upphafi Sundhallarinnar hafi kvartað mjög um þrönga og bratta stiga. Konur fyrri aldar voru mjög illa á sig komnar líkamlega vegna slæms aðbúnaðar, slæmra húsakynna, vinnuþrældóms og fátæktar. Þessi vandi heyrir – Guði sé lof - að mestu sögunni til og aðrar sundlaugar á Höfuðborgarsvæðinu er betur hannaðar til þess að sinna þörfum hreyfihamlaðra. Þeir sækja því í þær. Hins vegar eru ýmsir kvillar, sem hafast upp úr því að þurfa að hlaupa á blautum sundfötum í risjóttu veðri þarna á milli húsa og eru það kvillar eins og gigt, lungnabólga, vöðvabólga, blöðrubólga, hálsbólga og jafnvel heilabólga. Fólk, sem hefur brotnað á útlimum eða hrygg fær við kulda oft gigtarverki og vöðvabólgu í sín gömlu mein. Þetta veldur sjúkdómsangri og gigtin getur

valdið hinni margumstöluðu hreyfihömlun. Margar eldri konur hér í hverfinu eru hættað að fara í sund vegna þess að þessar aðstæður eru ekki boðlegar.

Þegar ég lít yfir þann hóp eldri kvenna, sem stundar sundleikfimi á morgnana, get ég ekki annað en dáðst að þessum flottu konum, sem láta ekki fíranlega aðstæður aftra sér frá sundleikfimisíðkun sinni. Þær eru búnar að koma 4 – 5 börnum sínum til manns og hafa passað tugi barnabarnunnið launavinnu utan heimilis og greitt skatta og skyldur. Er þeim virkilega of gott að fá að iðka sína sundlíkamsrækt í í fögru umhverfi, sem einn af okkar bestu arkitektum, Guðjón Samúelsson, hannaði af svo mikilli kunnáttu og smekkvísi? Í hinum nýju klefum er að sumarlagi fullt af ungum mæðrum með ambrandi smábörn. Það er eðlilegt. En því mega eldrir konur, sem búnar eru að hugga margt barnið og þerra margt tárið, ekki njóta þess að koma í húskynni Guðjóns Samúelssonar og iðka þar sína líkamsrætt í ró og næði? Og því skyldu litlu skólastúlkurnar ekki fá að njóta arkitektúrs Guðjóns um leið og þær læra að synda? Góður arkitektúr hefur uppeldisgildi.

Í ágúst síðastliðin snéri ég mér til Landlæknisembættisins og Heilbrigðisráðuneytisins og fleiri aðila í liðsbón í þessu máli. Landlæknisembættið kvaðst ekki hafa hér neina lögsögu í því, en benti mér á Heilbrigðiseftirlitið. Fer ég hér með fram á að starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins kynni sér þessa málavöxtu, sérstaklega í samhengi við veðurfar að vetrarlagi, sem veldur konum og skólastúlkum þessum þíslum - algjörlega að óþörfu.

Þrátt fyrir fyrirspurnir mínar og Eddu Ólafsdóttur höfum við ekki fengið svör utan fyrrnefnd svör Sundhallarstjóra. Reyndar fékk ég þann 29. sept, 2021 staðfestingu Ómars Einarssonar, sviðstjóra ÍTR við því að málaleitan mín hafi borist honum. Þar greinir hann frá að erindi mitt sé til umfjöllunarráðinu (líklega ÍTR eða Borgarráði). Annað hefur ekki spurst um árangur þessarar málaleitanar eða um niðurstöður funda. Því stendur enn setning Mannréttindastjóra, Önnu Kristinsdóttur, í umsögn Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um tillögur Flokks fólksins....*Þegar búið verður að gera upp gamla klefann er hann fyrst og fremst hugsaður sem viðbót þegar aðsókn er mikil eins og t.d. á veturna þegar börn eru í skólasundi. Hann er ekki eyrnamerkur konum eða körlum, heldur fer eftir aðsókn hvernig hann er nýttur.*

Þetta er – í ljósi aðstæðna – nóturleg ummæli, sem bera – eins og allt svar Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs Reykjavíkurborga frá 11. maí 2020, vott um hroka og vanþekkingu. Mannréttindastjóri sveiflar hér hrísvendi valds og refsingar yfir kvenþjóðinni, sem æskir að sækja sína heittelskuðu Sundhöll. Þetta eigum við ekki skilið.

Virðingarfyllst

P. s. Til þess að öllu sé haldið til haga, þá er í vöndum veðrum skólasundsstúlkum og jafnvel fullorðnum konum leyft að fara innanhúss í sundlaugarrýmið. En þetta er ekki boðleg lausn.

Hjálögð fylgiskjöl

1. Bréf til Landlæknis
2. Samantekt á málum Flokks fólksins vegna kvenbúningsklefa Sundhallar Reykjavíkur
3. 14. maí 2020. Tillaga Flokks fólksins að gera eigi eigi skoðun á því ...
4. Vilborg Auður Ísleifsdótti, grein í Mbl 12. Mars 2021, „Nokkur orð um Sundhöllina“
5. Edda Ólafsdóttir, grein í Mbl. 19.09 2019, „Konum úthýst úr Sundhöll Reykjavíkur“
6. Kolbrún Baldursdóttir, grein í Mbl. 28.05. 2020. Kvenbúningsklefar Sundhallarinnar hönnunarmistök?
7. Rósa Margrét Tryggvadóttir, grein í Mbl. 2019 „Framkvæmdir við klefann í bígerð. Lagfæringar hefjast á næsta ári.“
8. Viðtal við Sigurð Víðisson Sundhallarstjóra, Mbl. 13.04. 2019. „Karlur verða sendir í kvennaklefa í Sundhöll Reykjavíkur. Lokun karlaklefa vegna viðhalds. Fastagestum brugðið“.
9. Edda Ólafsdóttir, grein í Mbl. 18.09. 2020 „Enn um Sundhöllina“

Afrit af bréfi þessu verður sent eftirtöldum stofnunum. Landlæknisembættinu, Heilbrigðisráðuneytinu, Embættir borgarstjóra, Borgarráði, Íþróttá- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar, Forstjóra Sundhallarinnar og Jafnréttisstofu og Kolbrúnar Baldursdóttur í Flokki fólksins.

Óskað er eftir að fá staðfestingu á móttöku þessa erindis